



FUNDARGERÐ 464. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 11. febrúar 2022. Fundurinn er settur klukkan 15:30. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Kristins Andersen og Kolbrún Þorsteinsdóttir.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri Góða hirðisins og Haraldur Flosi Tryggvason Klein ráðgjafi stjórnar sækja fjarfund.

Tekið fyrir

1. Húsnæðismál GH og Sorpu

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir undirrituðum samningi um húsnæði fyrir höfuðstöðvar Góða hirðisins og skrifstofu SORPU við Köllunarklettsveg 1.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi

„Stjórn SORPU bs. samþykkir að aflétta fyrirvara við undirritun fyrirliggjandi samninga um húsnæði fyrir Góða hirðinn og SORPU við Köllunarklettsveg 1 og vísar þeim til kynningar á eigendavettvangi. Skuldbindingin sem í leigusamningunum felst rúmast innan fjárhagsáætlunar SORPU og Góða hirðisins sem samþykkt hefur verið fyrir árin 2023-2026.“

Ruth Einarsdóttir og Haraldur Flosi víkja af fundi klukkan 16:05

2. Staða urðunar og starfsleyfi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu urðunar og starfsleyfi urðunarstaðar.

3. Endurræsing GAJA – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um endurræingu GAJA.

4. Samningur við Malbikstöðina um metankaup kynntur

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir þróunarsamningi Metan ehf. við Malbikstöðina.

5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 28. febrúar klukkan 13:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:33.